

Nd.

19. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd annars töluliðar laga nr. 58 frá 3. mars 1945, um verðlag landbúnaðarvara.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Bjarni Ásgeirsson, Eysteinn Jónsson, Sveinbjörn Högnason.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess, að framfylgt verði ákvæðum laga nr. 58 frá 3. mars 1945, um uppbætur á endanlegt verð landbúnaðarvara, seldra á tímabilinu frá 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, og hvenær hyggur ríkisstjórnin, að framleiðendur fái þessa lögákveðnu uppbót?

Greinar gerð.

2. töluliður bráðabirgðaákvæða laga nr. 58 frá 3. mars 1945 hljóðar svo:

„Verði hækjun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á visitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær tekna til greina, þegar verðlagið er gert upp.“

Það er vitað, að á tímabili því, sem um ræðir í tölulið þeim, sem tilfærður er hér að ofan, hefur visitala landbúnaðarafurða hækkað úr 109,4 í 120, eða um 9,7%, og er víst, að tölувert af þeirri hækjun á samkvæmt greininni að koma fram í hækkuðu verði á landbúnaðarafurðum, sem seldar voru á umræddu tímabili. Auk þess hefur kostnaður við vinnslu og dreifing varanna hækkað, en sá kostnaður kemur ekki fram í landbúnaðarafurðavísitölunni, og má þar benda á aukinn kostnað við dreifingu mjólkur o. fl. Verð á kindakjöti hefur nú verið gert upp við framleiðendur viðast hvar fyrir nefnt tímabil, og verð mjólkurinnar að nokkru leyti, og hefur hvergi verið tekið tillit til þeirrar verðhækkunar, er leiðir af þessari grein. Eftir henni áttu uppbætur eða niðurgreiðsla ríkisins að hækka sem næmi hinum aukna tilkostnaði, og var hagstofunni falið að reikna út, hve miklu það næmi, en sá útreikningur mun ekki liggja fyrir enn.